

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur um ferðamenn sem leita heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hve margir erlendir ferðamenn hafa leitað eftir heilbrigðisþjónustu á Íslandi á tímabilinu 2005–2014? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári og heilbrigðisumdæmi.*

Svör við fyrirspurninni birtast í eftirfarandi töflu. Á höfuðborgarsvæðinu er fjöldi erlendra ferðamanna sundurliðaður eftir hvort um komu á heilsugæslu er að ræða eða á Landspítalann. Á Norðurlandi eru tölur frá sjúkrahúsinu og heilsugæslunni á Akureyri saman og tölur frá öðrum stöðum í heilbrigðisumdæmi Norðurlands saman. Í öðrum heilbrigðisumdæmum er ekki greint á milli stofnana.

Ekki var unnt að greina milli ferðamanna og annarra erlendra borgara, t.d. þeirra sem voru með tímabundið atvinnuleyfi. Á Suðurlandi koma ekki fram tölur fyrir árið 2005 hjá neinni heilsugæslustöð nema á Selfossi og þær vantar hjá fjórum stöðvum fyrir 2006. Tölur fengust ekki frá Hveragerði fyrir 2007 og Vestfjörðum árin 2005 og 2006 og heilsugæslunni á Norðurlandi árin 2005–2009.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
<i>Heilbrigðisumdæmi</i>										
Höfuðborgarsvæði										
– Heilsugæsla	197	330	338	339	324	423	564	661	761	875
– Landspítali	1.613	1.535	1.228	1.200	1.251	1.187	1.251	1.470	1.248	2.124
Suðurnes	73	103	110	100	102	124	122	97	134	161
Suðurland	260	267	192	639	798	665	822	1258	1432	1753
Austurland	1.066	937	1.065	1.143	1.045	1.198	1.741	2.004	2.148	2.126
Norðurland										
– SAK	223	282	310	321	262	269	307	384	371	421
– Heilsugæsla	-	-	-	-	-	188	221	286	422	446
Vestfirðir	-	4	32	55	102	77	60	111	170	169
Vesturland	241	242	266	248	252	233	247	278	318	363
<b>Samtals</b>	<b>3.673</b>	<b>3.700</b>	<b>3.541</b>	<b>4.045</b>	<b>4.136</b>	<b>4.364</b>	<b>5.335</b>	<b>6.549</b>	<b>7.004</b>	<b>8.438</b>